

60 13. maí. rjett innborinna manna við fæðinguna, en eru þó fæddir hjer í ríki, öðlast þann rjett, ef þeir hafa haft stöðugt heimili hjer frá fæðingu sinni til fullra 19 ára, nema því að eins að þeir hafi síðasta árið lýst því skriflega yfir fyrir yfirumboðsstjórninni, að þeir vilji eigi öðlast danskan rjett innborinna manna, og hafi því næst sannað það með löggildu vottorði, að þeir hafi ríkisborgararjett í öðru landi. Þess konar yfirlýsing dugir þó ekki þeim, er borinn er af útlending, er sjálfur hefir á þenna hátt haldið ríkisborgararjetti sínum erlendis».

Auk þess er beiðzt, að áðurnefndum embættismönnum verði gefið til vitundar, að, ef efasemdir kynnu að verða á um það, hvort nægileg sönnunarskilríki væru fram komin um ríkisborgararjett hlutaðeiganda manns í öðru landi, þá ber að leita um það úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland, og að gefa eigi hlutaðeiganda viðurkenning um yfirlýsing hans.

61 28. maí. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð** (Stafholtskirkju). Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 28. febrúar þ. á., hefir hans hátign konunginum, eptir allraþegnsamlegustum tillögum mínum, 24 þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi sitt til þess, að makaskipti sjeu höfð á hálfendunni Köldukinn í Haukadalshreppi í Dalasýslu, sem heyrir undir Stafholtsprestakall í Mýrarárófastsdæmi, og bænda-jörðinni Grafarkoti í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, með því skilyrði, að hin fyrnefnda hálfenda verði eptirleiðis skoðuð sem bændaeygn, að því er alla skatta og skyldur snertir, en hin síðarnefnda jörð teljist í flokki annara kirkjujarða.

62 11. maí **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu- bátsferða um Ísafjarðardjúp.** Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að sýslunefnd NorðurÍsafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hafi samið við útgerðarmann gufubátsins »Ásgeirs litla« um að bátur þessi fari 33 ferðir um Ísafjarðardjúp á þessu sumri, og að í þessu skyni hafi verið veitt af bæjarsjóði og sýslusjóði samtals 700 krónur. Jafnframt þessu hafið þjer í umboði nefndrar sýslunefndar og bæjarstjórnar beiðzt þess, að til ferða þessara yrðu veittar úr landssjóði þær 2500 kr., sem í núgildandi fjárlögum 12. gr. C III. 2. c, eru ætlaðar til slíkra ferða 1898.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlegast til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjer með veiti 2500 kr. til umgetinna gufubátsferða um Ísafjarðardjúp 1898 af fje því, sem til slíkra ferða er ætlað í nefndri grein fjárlaganna, og mun styrkur þessi verða útborgaður úr landssjóði að afloknum hinum umsömdu ferðum.

63 25. maí **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um lotteri.** Samkvæmt beiðni frúnna Elínar Eggertsdóttir og Fr. Briem, og fröken H. Gísladóttur, og samkvæmt tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10.